



NEMENDUR Á FORSETALISTA HR

„ég byrja ekki á einhverju nema ég ætli að klára það“

LÓA HRÖNN HARÐARDÓTTIR, NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI
STÚDENTAÞJÓNUSTAN | FYRIRLESTRAMARAÐON HR

Kveikjan...

“Ég veit ekki hvort ég var búinn að segja þér það en ég var afburðanemandi í grunnskóla ...svo sit ég hér og kann ekki einu sinni að skipuleggja mig...”



Lóa Hrönn Harðardóttir

Tvennskonaar jaðarhópar í öllum skólakerfum

- Sá hópur sem telst eiga við námsörðugleika að stríða og hinn sem skarar fram úr í námi. Mun lengri hefð er fyrir úrræðum og þjónustu fyrir fyrrnefnda hópinn.

(Ármann Halldórsson, 2003)

- Þjónusta við afburðanemendur á efri skólastigum nánast óskrifað blað hér á landi.



Rannsóknin – nemendur á forsetalista HR

Eigindleg rannsóknaraðferð

10 þátttakendur, 5 konur og 5 karlmenn (2008 – 2010)

Úr öllum deildum

Hvað einkennir nemendur á forsetalista HR?

Hvað eiga þau sameiginlegt?



Voru ekki endilega draumabarnið í grunnskóla...

Ástæðan kannski augljós:

- þegar ég var búin með mín verkefni þá bara leiddist mér og fór þá á stúfana sko (*Lilja*)
- alltaf sett stoppmerki í bókina mína ... yfirleitt kvartað yfir því að ég var með læti í tímum... í fyrsta til fimmta bekk þá hundleiddist mér í tímum... (*Ingi*)
- í fyrsta bekk þurfti ég mikið að fylgja prógramminu, gera það sama og hinir voru að gera sem var allt of einfalt bara...(*Hákon*)
- „...stærðfræðin í grunnskóla...nei þú ert komin af langt þú mátt ekki halda áfram...“ (*Hugrún*)



Lóa Hrönn Harðardóttir

Voru ekki endilega draumabarnið í grunnskóla...

- *fór mikið fyrir mér...grunnskólinn ...óttaleg tímasóun ...sömu hlutirnir kenndir aftur og aftur (Magnús)*
- *“nám og ekki nám, fyrir 12 ára aldur þá er grunnskólinn, þetta er svo einfalt... þetta er í rauninni bara ... já þroskaþjálfun í sjálfu sér” (Jens)*
- *nákvæmlega það sama í 8. bekk og í 7. bekk ...mætti eiginlega ekkert í 8. bekk í skólann...ég fékk bara mjög góðar einkunnir þó ég mætti ekki neitt og lærði ekki neitt ...hætti eftir 9. bekk (Helga)*

Þau hafa mikinn metnað... leggja á sig mikla vinnu

- *”...skila öllu almennilega ...ekki bara klára heldur gera það vel”*
- *vinkona mín ...”ákvað bara að þetta var of mikið hún ætlaði bara að vera meðalnemandi og eyða meiri tíma með fjölskyldunni”*
(Helga)
- *”... átta er alveg gott sko... en átta í öllu þetta var svo mikil svona meðalmennska einhvern veginn”*
(Ingi)

Þau eru mannleg...

- *”ég er ekki svona fílofaxtýpa sko ...háir mér stundum því ég er ótrúlega gleymín en svo er ég með litla miða út um allt sko... og svo þú veist krota ég á dagblöðin og ýmislegt svo finn ég ekki neitt”*
(Dísa)

Þau hafa agann ...og þau ætla sér

- „ég byrja ekki á einhverju nema ég ætli að klára það“
(Jenný)
- “bara sest niður og geri það sem gera þarf”
(Magnús)
- ”að eiga óunnin verkefni eða þú veist ég funkera ekki þannig”
(Dísa)
- ”... setti mér markmið nú ætla ég að vera efstur...hafði aldrei verið efstur, lærði miklu meira þá önn heldur en venjulega ...og var efstur”
(Ingi)

Þau hafa ratað á rétta námið – mikill áhugi

En fóru sum fjallabaksleið:

- *“...eitt ár á hönnunarbraut, fór svo að vinna aftur og tók svo eitt ár í viðbót ...svo fór ég í ljósmyndun, það var bara ein önn...fór svo í tölvu... svo fór ég í Nýja Tölvu og viðskiptaskólann, kláraði bókhalsnám þar...byrjaði í Iðnskólanum, ... fór svo í MH...kláraði samt ekki stúdent en er búin með 180 ein.“*

(Helga)



Þau ganga sum nærri sér...

- *”...maður setur markið stundum of hátt... og þó að maður sé alveg á toppnum þá er maður samt svoldið svona óánægður...það er stundum sem maður fær 9,5 í prófi en kemur út ósáttur”*

(Jens)

- *”andvaka í fjóra daga þú veist skilurðu, búin að sofa kannski tvo þrjá tíma yfir nóttu ...lokaprófin og þetta þá fór þetta að gerast sko mikil vinna”*

(Helga)

Ráðgjöf fyrir afburðanemandann

- Námsráðgjafar (counselors) eru þjálfaðir í að vera vakandi fyrir áhættuþáttum nemenda en tileinka sér kannsi ekki þá hugmynd að afburðanemandi geti verið í sérstakri áhættu vegna eiginleika sem tengdir hafa verið við mikla hæfileika í bóknámi.

(Peterson, 2007)



Áhættuþættir

- Menningaráfall er nemandinn upplifir í fyrsta sinn að sitja með nemendum sem eru jafningar hans í námi eða hugsanlega með meiri kunnáttu.
- Vanur að vera á toppnum án fyrirhafnar og búi því yfir lélegri náms- og tímastjórnunarkunnáttu.
- Streitan sem fylgi því að fá fyrstu B einkunnina.
- Nemandinn hafi hugsanlega ekki náð að átta sig á raunverulegum styrkleikum og áhugasviði.

(Robinson, 1997)



Áhættuþættir

- Ekki vanur að þurfa aðstoð og kunni því ekki að orða spurningar né leita eftir hjálp innan skólans.
- Festukenning eða vaxtarkenning - Carol Dweck.
- Nemendur sem koma frá fjölskyldu eða hópi utan háskólasamfélagsins, án þekkingar og hæfni sem æskileg er í hinu flókna kerfi háskólanámsins.

(Robinson, 1997)



Lóa Hrönn Harðardóttir

Kveikjan...

“Ég veit ekki hvort ég var búinn að segja þér það en ég var alltaf afburðanemandi í grunnskóla ...svo sit ég hér ... og kann ekki einu sinni að skipuleggja mig...”



Æskileg þjónusta við afburðanemandann...

- Skólinn fari yfir hæstu einkunnir nýnema og komi þeim í hendur aðila sem hefur það hlutverk að finna úrræði er henta viðkomandi nem.
- Námstækni og tímastjórnun fyrir alla nemendur
- Fullkomnunarárátta
- Nemandinn hafi aðgang að upplýsingum um möguleika á rannsóknarvinnu, námsstyrkjum (scholarships), starfsnámi (internships) og leiðbeinanda (mentorships)
- Þátttaka kennara ómetanleg í að opna rannsóknarstofur og önnur rannsóknar- og þjónustutækifæri
- Ráðgjöf þar sem nemandinn sjálfur er látinn nálgast aðstoðina oft ónæg
- Öflug náms- og starfsráðgjöf– fjölhæfni (multipotentiality)

(Robinson, 1997, Balduf , 2009)



Að lokum

- Að veita afburðanemendum þá þekkingu og færni sem til þarf og opna fyrir þeim þær dyr sem gerir þeim fært að rækta hæfileika sína, er ávinningur fyrir okkur öll – okkur sem einstaklinga og samfélagið í heild.



- þegar ég byrjaði í framhaldsskóla þá hafði ég alltaf verið með þeim efstu bara án þess að hafa mikið fyrir því ...svo allt í einu var ég ekki með þeim efstu sko í framhaldsskóla með sömu vinnubrögðum sko ...þá lagði ég bara meira á mig því ég vildi vera þar

(Ingi)



- *málið var að ég var búin að vera vinna við bókhald og þetta var bara svo kunnuglegt og ég vissi að ég gæti það.....*
(Jenný)

